

Fundargerð 138. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 21. nóvember 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Svanur Gunnsteinsson, Agnar Ólason og Guðni Þór Elisson.

Dagskrá :

1. Frágangur síðasta stjórnarfundar VM.
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.
3. Húsnæðismál.
4. Fjárhagsáætlun VM 2020
5. Önnur mál

1. Frágangur á fundargerð 137.stjórnarfundar

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð

2 Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.

Formaður fór yfir það hvaða kjarasamningum er lokið og hverjir séu eftir. Kjarasamningur farmanna var samþykktur með 53% atkvæða. Formaður minnti menn á það að skila auðu er sama og að samþykkja. Búið er að samþykkja samning HS orku og samning Landsvirkjunar. Á dögum var skrifað undir við sveitarfélögin og er sá samningur í atkvæðagreiðslu. Gerð var athugasemd við að það var gerður kjarasamningur, hjá VM, um að fólk megi vinna lengur en til 70 ára. En reglur lífeyrissjóða eru þannig að þeir megi ekki taka við greiðslum frá atvinnurekanda eftir 70 ára. Formaður sagði frá því að vinna er komin af stað hjá Landssambandi lífeyrissjóða með að skoða hvað er hægt að gera við lífeyrisframlög þeirra sem eru orðnir 70 ára og enn að vinna. Í dag borgar launagreiðandi af viðkomandi og Gildi endurgreiðir svo til launagreiðanda því þeir mega ekki taka við þessu. Breyta þarf lögum lífeyrissjóða og jafnvel landslögum svo sjóðirnir megi taka við

Formaður sagði frá aðalfundi Gildis. Góð ávöxtun er á sjóðum Gildis það sem af er ári og vonandi heldur það bara út árið. mótframlagi og þá jafnvel að setja þetta í séreign. Mjög mikilvægt að þetta sé klárað sem fyrst.

Við héldum lífeyrisnámskeið á dögum og var full mæting og stefnum við að öðru námskeiði eftir áramót.

Spurt var hvenær nýju samningarnir komi á netið og formaður upplýsti að það yrði um leið og búið væri að vinna alla textavinnuna þ.e. þeir fara ekki inn fyrr en fullkláraðir.

Fundur var hjá fulltrúaráði Sjómannadagsráðs um daginn og var það bara mjög góður fundur.

Sjómannadagsráð er rekið með tapi.

3. Húsnæðismál

Staðan á húsnæðis kaupunum er sú að verið er að ganga frá eignaskiptum, eignaskiptayfirlýsingu og um leið og það er komið fáum við kaupsamning. Salurinn niðri sem rætt var um að við þyrftum að fá amk. að hluta til verður í 50/50 milli okkar og félaganna á Stórhöfða 31.

Formaður sagði einnig frá því að þeir sem byggðu hús 14 á Laugarvatni neiti ábyrgð. Orlofsnefnd er að skoða næstu skref.

Formaður fór á fund Bláskógarveitu, staðan er þannig að við erum hvorki með hemil né mæli á Laugarvatni og þessu verður að kippa í lag. Þeir ætla ekkert að fara í að rukka aftur í tímann ef við bara lögum þetta, rétt skal vera rétt.

4. Fjárhagsáætlun VM 2020

Farið var yfir áætlun næsta árs og nokkrar spurningar komu, síðan var áætlunin samþykkt einróma.

5. Önnur mál

- Orlofsmál
- Rætt var um gjaldfellingu vélstjóranáms
- Lagt var fram þakkarbréf frá Hjálparstofnun Kirkjunnar og SÁÁ vegna styrkja.

Fundi slitið kl. 15:00